

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 42 94. ár Miðvikudaginn 4. apríl 2001

Laus störf

Laus eru störf kennara við Laugarnesskóla skólaárið 2001-2002.
Umsjónarkennsla á yngra stigi. Umsjónar-
kennsla á miðstigi. Myndmennt. Sérkennsla.
Námsráðgjafi í hálftr starf.
Laust starf kennara eða uppeldismenntaðs
starfsmanns til að sjá um skóladagvist.
Laun skv. kjarasamningum Reykjavíkurborg-
ar við viðkomandi stéttarfélag. Upplýsingar
veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma
588 9500. Umsóknarfrestur rennur út 17. apríl
2001. Umsóknir ber að senda í skólann.
Nánari upplýsingar um ofangreind störf fást á
www.job.is.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
(4336)

Ríkislögreglustjórinn.
Laus er til umsóknar staða varðstjóra í fjar-
skiptamiðstöð lögreglu, við embætti ríkislög-
reglustjórans. Um er að ræða tímabundna stöðu
til 1. janúar 2002. Umsóknum skal skilað til
ríkislögreglustjórans, Skúlagötu 21, 105 Reykja-
vík, fyrir 10. apríl 2001. Jón Bjartmarz, yfirlög-
regluþjónn og Jónína Sigurðardóttir, aðstoðar-
yfirlögregluþjónn, veita nánari upplýsingar um
stöðuna.

Stykkishólmur.
Lausar eru til umsóknar ein staða varðstjóra
og tvær stöður lögreglumanna í lögreglunni á
Snæfellsnesi, við embætti sýslumannsins í
Stykkishólmi. Umsóknum skal skilað til lög-
reglustjóra, Ólafs K. Ólafssonar, fyrir 10. apríl
2001, en hann veitir jafnframt nánari upplýs-
ingar um stöðurnar.
Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-
blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum.
Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum,
www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja
um.

Reykjavík, 26. mars 2001.
Ríkislögreglustjórinn.
(4337)

Starf lögfræðings í dóms- og kirkjumála-
ráðuneytinu er laust til umsóknar. Ráðið verður
í stöðuna frá 1. maí nk. eða eftir nánari sam-
komulagi.
Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðu-
neytinu fyrir 18. apríl nk. Umsóknir þar sem
umsækjandi óskar nafnleyndar verða ekki teknar
gildar.
Nánari upplýsingar gefur Drífa Pálsdóttir
skrifstofustjóri í síma 560 9010.
Ráðuneytið hvetur jafnt konur sem karla til
þess að sækja um störf sem auglýst eru laus til
umsóknar hjá því eða undirstofnunum þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
26. mars 2001.
(4338)

Auglýsing um skipulag í Kópavogi

Vatnsendi. Kríunes. Deiliskipulag.
Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kríuness í Vatnsendalandi auglýsist hér með skv. 25. gr. skipu-
lags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í tillögunni felst m.a. stækkun á heimagistingu í tveimur áföngum.
Þá er í tillögunni gert ráð fyrir hesthúsi á landinu samanber samþykkt bæjarráðs frá 6. maí 1993.
Uppdrættir, ásamt skýringarmyndum, verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6,
II. hæð, frá kl. 9-16 alla virka daga frá 4. apríl til 9. maí 2001. Athugasemdir eða ábendingar skulu
hafa borist bæjarskipulagi skriflega eigi síðar en kl. 15.00 miðvikudaginn 23. maí 2001. Þeir sem
ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Kópavogi, 28. mars 2001.
Skipulagsstjóri Kópavogs.

Auglýsing frá umhverfisráðuneytinu

1. Verðlaun fyrir unna refi.
Við endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélaga á hlutdeild ríkisins í verðlaunum fyrir unna refi, skv.
12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og skv.
10. gr. reglugerðar nr. 437 um refa- og minkaveiðar með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr.
205/1997 um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, skal árið 2001 miða við hámarksverðlaun sem hér
segir:

Refir	7.000 kr.
Yrðlingar	1.600 kr.

Endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga vegna refaveiða miðast að hámarki við 50% af ofan-
greindum verðlaunum, eða 50% af lægri upphæð sem sveitarfélög kunna að ákveða sem hæfileg
verðlaun fyrir unna refi í sveitarfélaginu.

2. Viðmiðunartaxtar og verðlaun fyrir unna minka.
Við endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélaga á hlutdeild ríkisins í verðlaunum fyrir unna minka,
skv. 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og
skv. 10. gr. reglugerðar nr. 437 um refa- og minkaveiðar með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð
nr. 205/1997 um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, skal árið 2001 miða við það sem hér segir:

Verðlaun fyrir unnin mink	2.200 kr.
Tímakaup ráðinna veiðimanna	600 kr/klst.
Akstur	45 kr/km

Endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga vegna minkaveiða miðast að hámarki við 50% af
kostnaði við minkaveiðar, skv. ofangreindum viðmiðunartaxta.

Umhverfisráðuneytinu,
26. mars 2001.

Auglýsing um útdregin innlausnarbréf Lánasjóðs landbúnaðarins 1. fl. 1995

Hér með auglýsist, að samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1986 um breytingu á lögum um
Stofnlánadeild landbúnaðarins nr. 45/1971, 12. gr. og samkvæmt heimild í lánsfjárlögum fyrir árið
1995 nr. 149/1994 til að gefa út verðtryggð skuldabréf, innlausnarbréf 1. flokk 1995 um breytingu
á lausaskuldum bænda í föst lán, fór fram útdráttur hinn 22. mars 2001 til innlausnar á bréfum þeim,
er stofnlánadeild landbúnaðarins gaf út og voru eftirfarandi bréf dregin út:

Litra A (1.000.000 krónur).
18-22-44-55-67-80-82-98-106-114-124-128-169-176-191-219-243-257-267(2000)-274-296-
299-319-327-341-355-397

Litra B (500.000 krónur).
407-429-433-453-461-500(1998)-515-518-570-585-590-599-601-640-646-650-686-709-739-
740-741-743-761-801-808-828-829-835(2000)-890-905-906-909-915-918-933-945-950-953-955-

971-1013-1039-1040(1997)-1041(1997)-1044-1045-1050-1051-1070-1093-1095-1102-1113-1115(1999)-1138-1152(1998)-1153(2000)-1160(1998)-1161-1175

Litra C (100.000 krónur).

1635-1661-1669-1676-1687-1690-1704-1713-1750(1998)-1755-1757(1999)-1761(1999)-1765-1767-1770(1999)-1800-1806-1817-1839-1856-1860-1908-1911(2000)-1913(1997)-1931-1940-1945-1947-1953-1970(1997)-1973-1987-1998-2010-2011-2014-2020-2026-2039-2067-2072-2078-2090-2092-2104-2115-2138-2145-2152-2161-2180-2185-2214-2236-2262(1998)-2263(2000)-2264(2000)-2265(1999)-2285-2287-2291-2293-2303-2328-2330-2334-2393(1999)-2394(1997)-2395(2000)-2398-2407-2442-2450-2455-2458-2459-2465-2474-2480-2501(1998)-2560-2571(1997)-2574-2581-2611-2655(1998)-2670-2674-2690-2699-2705-2719-2722-2724(1998)-2726-2727

Litra D (50.000 krónur).

4111-4117-4122-4125-4133-4148-4159-4162(1998)-4177-4212-4225-4228-4235-4249-4250(1998)-4300-4304(2000)-4311(1998)-4322-4325-4342(1997)

Nafnverð innlausnarbréfa þessara ásamt verðbótum og áföllnum vöxtum frá útgáfudegi til gjalddaga verður greitt handhöfum bréfanna gegn afhendingu þeirra hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Austurvegi 10, 800 Selfossi, á gjalddaga þeirra 1. júní 2001.

Selfossi, 22. mars 2001.
Lánasjóður landbúnaðarins.
Þorfinnur Björnsson.
Þóra Bjarney Jónsdóttir.

4351)

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi námu við Hlíðarhorn, Tjörnesi

Skipulagssvæðið er hluti af gömlu jörðinni Máná. Þar eru núna þrjú býli: Árholt, Máná og Mánárbakki. Jarðarmörk eru utan skipulagsmarka og er túnum skipt, en að öðru leyti er landið óskipt. Efnistaka skal fara fram við Hlíðarhorn, sem er tæplega 1 km sunnan Þjóðveg­ar nr. 85 og austan við bæinn Máná og er í 75 til 95 m hæð yfir sjávarmáli. Á skipulagssvæðinu er fyrirhugað að vinna grjót fyrir byggingu nýs brimvarnargarðs í norðurhöfn Húsavíkur. Skipulagssvæðið er 1,04 km² að stærð.

Deiliskipulagið, uppdráttur og greinargerð, verða til sýnis á skrifstofu Tjörneshrepps, að Ketilsstöðum. Jafnframt verður uppdrátturinn til sýnis hjá byggingarfulltrúa Þingeyinga, Ketilsbraut 7-9, Húsavík og á heimasíðu Landvistar ehf., www.landvist.is, 4. apríl til 2. maí 2001. Athugasemdum skal skilað skriflega til undirritaðs eigi síðar en 16. maí n.k. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkja tillögunar.

Byggingarfulltrúi Þingeyinga,
Gaukur Hjartarson.

4349)

Nauðungarsölur

Ísafjörður

Eftirtal­dar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnar­stræti 1, Ísafirði, fimmtudaginn 3. maí 2001 kl. 9.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalstræti 25, 0101 4326)	Magni Viðar Torfason og Hallfríður I. Friðriksdóttir	Kreditkort hf.	301.689
Álfabyggð 2, Súðavík 4327)	Jónbjörn Björnsson og Ásthildur Jónasdóttir	Íbúðalánasjóður	143.268
Eyrardalur 5, Súðavík 4328)	Albert Heiðarsson	Íbúðalánasjóður	235.787
Fjarðargata 14, e.h., Þingeyri 4329)	Viktor Pálsson og Sólveig Sigríður Guðnadóttir	Lífeyrissjóður Vestfirðinga	411.622
Fjarðargata 35a, Þingeyri 4330)	Jónína Kristín Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson og Konráð Kristinn Konráðsson	Íbúðalánasjóður og Ísafjarðarbær	143.694
Holtagata 5, Súðavík 4331)	Guðrún Ingibjörg Halldórsdóttir og Jónas Ólafur Skúlason	Íbúðalánasjóður	334.417
Hreggnasi 3, n.h. 4332)	María Dröfn Erlendsdóttir	Axel Eiríksson	1.352.384

Stefnur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 128 Reykjavík
Stefndu: Halldór Magnússon, kt. 100470-3069, Berghóli 2, 601 Akureyri (dreifbýli) og Maria Fe P. Juarez, kt. 180776-2149, Frostafold 20, 112 Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: a) að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum skuld að fjárhæð kr. 450.000 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 291.821 frá 3. ágúst 1999 til 2. september 1999, af kr. 450.000 frá 2. september 1999 til greiðsludags.

b) að stefndi Halldór verði auk þess dæmdur til að greiða stefnanda umframskuld sína við stefnanda að fjárhæð kr. 508.459 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 563.724 frá 2. september 1999 til 4. október 1999, af kr. 666.595 frá 4. október 1999 til 2. nóvember 1999, af kr. 697.498 frá 2. nóvember 1999 til 2. desember 1999, af kr. 721.170 frá 2. desember1999 til 5. janúar 2000, af kr. 746.483 frá 5. janúar 2000 til 2. febrúar 2000, af kr. 769.430 frá 2. febrúar 2000 til 2. mars 2000, af kr. 790.432 frá 2. mars 2000 til 3. apríl 2000, af kr. 813.084 frá 3. apríl 2000 til 2. maí 2000, af kr. 835.400 frá 2. maí 2000 til 2. júní 2000, af kr. 857.413 frá 2. júní 2000 til 3. júlí 2000, af kr. 862.626 frá 3. júlí 2000 til 2. ágúst 2000, af kr. 867.834 frá 2. ágúst 2000 til 4. september 2000, af kr. 873.007 frá 04.09.2000 til 2. október 2000, af kr. 958.459 frá 2. október 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins úr hendi stefndu óskipt, en málskostn-aðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er samkvæmt framlögðum reikningum stefnanda og er til komin vegna notkunar stefnda Halldórs á Eurocard greiðslukorti nr. 5414-8304-1860-5100. Stefnda Maria Fe tók á sig sjálfskuldar-ábyrgð vegna skuldarinnar skv. framlagðri sjálf-skuldaraábyrgð vegna notkunar kortsins allt að fjárhæð kr. 450.000 ásamt vöxtum og kostnaði. Er henni því stefnt in solidum til greiðslu skuldarinnar að þeirri fjárhæð ásamt stefnda Halldóri. Í fyrsta lagi er um að ræða skuld samkvæmt eftirfarandi framlögðum reikningum stefnanda:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	17. júlí 1999	3. ágúst 1999	291.821
2.	17. ágúst 1999	2. sept. 1999	271.903
3.	17. sept. 1999	4. okt. 1999	102.871
4.	17. okt. 1999	2. nóv. 1999	30.903
5.	17. nóv. 1999	2. des. 1999	23.672
6.	17. des. 1999	5. jan. 2000	25.313
7.	17. jan. 2000	2. febr. 2000	22.947
8.	17. febr. 2000	2. mars. 2000	21.002
9.	17. mars 2000	3. arpíl 2000	22.652
10.	17. apríl 2000	2. maí 2000	22.316
11.	17. maí 2000	2. júní 2000	22.013
12.	17. júní 2000	3. júlí 2000	5.213
13.	17. júlí 2000	2. ágúst 2000	5.208
14.	17. ágúst 2000	4. sept. 2000	5.173
15.	17. sept. 2000	2. okt. 2000	5.207

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir kr. 878.214. Umsaminn gjalddagi er annar virki dagur næsta mánaðar á eftir úttektartímabili sem er frá 18. degi hvers mánaðar til 17. dags næsta mánaðar á eftir. Í öðru lagi er um að ræða skuld samkvæmt framlögðu yfirliti yfir ógjaldfelldar raðgreiðslur að fjárhæð kr. 80.245 vegna úttekta stefnda Halldórs hjá Elkó ehf. Um er að ræða

gjaldþaga frá og með 2. nóvember 2000 til og með gjaldþaga 2. júlí 2002 til skiptis að fjárhæð kr. 3.648 og kr. 3.647. Raðgreiðslurnar voru gjaldfelldar þann 2. október 2000. Nánar tiltekið er um að ræða raðgreiðslur samkvæmt fram-lögðum kaupsamningi með eignarréttarfyrrvara dagsettum 11. júní 1999, upphaflega að fjárhæð kr. 128.740 sem stefnandi ber ábyrgð á gagnvart kaupsamningshafa og annast innheimtu á skv. kortaskilmálum stefnanda og stefnda Halldóri. Stefnandi styður gjaldfellinguna við stórkost-lega fyrirsjáanlega vanefnd, brostnar forsendur, sem og dóm Hæstaréttar frá 1954, bls. 534. Til athugunar skoðast einnig dómur Hæstaréttar frá 1985, bls. 1284. Samanlagt nema ofangreindar fjárhæðir kr. 958.459 og er það stefnufjárhæð málsins auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Málsókn hafði áður verið reynd en ekki reyndist unnt að birta stefnu fyrir stefndu, Mariu, á lögheimili hennar, en þar fengust þær upplýsingar að hún væri flutt en ekki væri vitað hvert. Kannanir lögmanns stefnanda um dvalar- eða íverustað hafa engan árangur borið og er stefnanda því nauðsyn að birta stefnu þessa gagnvart stefndu í Lögbirt-ingablaðinu skv. 89. gr. laga um meðferð einka-mála nr. 91/1991. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefn-andi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 19/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyld-ur og ber honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varn-arþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Um birt-ingu í Lögbirtingablaði vísast sérstaklega til 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- 1. Eüroreikninga.
- 2. Yfirlit yfir ógjaldfelldar raðgreiðslur.
- 3. Kaupsamning.
- 4. Yfirlýsingu um sjálfskuldaraábyrgð.
- 5. Innheimtubréf.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykja-víkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 17. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þau átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfarar-hæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er ein vika gagnvart stefnda Halldóri. Stefnufrestur er einn mánuður gagn-vart stefndu Mariu Fe.

Reykjavík, 15. mars 2001.
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.
Herdís Hallmarsdóttir lögfr.⁽³⁹⁸³⁾

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 128 Reykjavík.
Stefnda: Guðrún V. Ásgeirsdóttir, kt. 021171-4849, Leirutanga 35a, 270, Mosfellsbæ.

Sundstræti 30, 0001	Aðalbjörg Pálsdóttir	Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	775.643
⁴³³³⁾			
Sunnuholt 3	Sævar Gestsson	Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður Vestfirðinga	559.530
⁴³³⁴⁾			
Tangagata 20a	Hrönn Benónýsdóttir	Ísafjarðarbær og Sparisjóður Suður-Þingeyinga	580.423
⁴³³⁵⁾			

Ísafirði, 23. mars 2001.
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Unnur Brá Konráðsdóttir ftr.

Húsavík

Eftirtalðar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, þriðjudaginn 8. maí 2001 kl. 13.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Austurvegur 1, neðri hæð, Þórshöfn	Jóhann Ólafur Lárusson	Innheimtustofnun sveitarfélaga	350.630
⁴²⁸⁹⁾			
Ásgarður, Þórshöfn	Borghildur Björg Þóroddsdóttir og Magnús Sigurðsson	Íbúðalánasjóður	103.938
⁴²⁹⁰⁾			
Bakkagata 13, Kópaskeri	Bjargvætturinn ehf.	Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	1.764.301
⁴²⁹¹⁾			
Bakkagata 8, Kópaskeri	Guðbjörg Kristjánsdóttir	Byggðastofnun	3.006.711
⁴²⁹²⁾			
Bakkavegur 5, Þórshöfn	Steinunn Leósdóttir og Friðrik Jónsson	Íbúðalánasjóður	560.346
⁴²⁹³⁾			
Garðarsbraut 43, efri hæð	Ævar Ákason	Íbúðalánasjóður	114.286
⁴²⁹⁴⁾			
Lóð í landi Lundar, Hálshreppi	Örn Eyfjörð Þórsson	Íslandsbanki-FBA hf.	3.202.024
⁴²⁹⁵⁾			
Sólvellir 1	Þorvaldur D. Halldórsson	Búnaðarbanki Íslands hf.	764.150
⁴²⁹⁶⁾			
Verslunarhús, Reykjahlíð	Kaupfélag Þingeyinga	Sparisjóður Suður-Þingeyinga	351.121
⁴²⁹⁷⁾			

Húsavík, 21. mars 2001.
Sýslumaðurinn á Húsavík,
Hrefna Gísladóttir fulltrúi.

Rangárvallasýsla

Eftirtalðar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 8. maí 2001, kl. 15.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Gularás, A-Landeyjahreppi	Ólafur Árni Óskarsson	Glitnir hf.	859.746
⁴²⁸⁷⁾			
Geitasandur 4, Hellu	Kristjón L. Kristjánsson	Sýslumaður Rangárvallasýslu	734.503
⁴²⁸⁸⁾			

Hvolsvelli, 21. mars 2001.
Sýslumaður Rangárvallasýslu,
Friðjón Guðröðarson.

Vestmannaeyjar

Eftirtalðar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 3. maí 2001 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Áshamar 57, 2. hæð til vinstri	Linda Mary Stefánsdóttir Magnús Elfar Viktorsson	Íbúðalánasjóður	179.094
⁴³⁰⁹⁾			

Brimhólabraut 12, 1. hæð 4310)	Gústaf Arnars Guðlaugsson	Íbúðalánasjóður	116.666
Faxastígur 6 (Bethel) 4311)	Hvítasunnukirkjan, Vestmannaeyjum	Vestmannaeyjabær	99.911
Flatir 10 4312)	Hannes Ingvarsson	Íbúðalánasjóður	77.596
Hásteinsvegur 41 4313)	Oddfríður Lilja Jónsdóttir og Erlendur G. Gunnarsson	Íbúðalánasjóður	220.718
Heiðarvegur 42 4314)	Einar Sigurðsson	Vestmannaeyjabær	42.241
Illugagata 1 4315)	Berglind Jónsdóttir og Steinar Pétur Jónsson	Íbúðalánasjóður	242.797
Kirkjuvegur 22 4316)	Hvítasunnukirkjan, Vestmannaeyjum	Vestmannaeyjabær	326.422
Miðstræti 15 4317)	Eva Sögaard Johannesen	Vestmannaeyjabær	56.696
Smáragata 4, efri hæð og bílskúr 4318)	Sigríður Vigdís Ólafsdóttir og Hafþór Halldórsson	Íbúðalánasjóður	288.311
Vesturvegur 30, kjallari 4319)	Brynja Dögg Birgisdóttir	Vestmannaeyjabær	115.222
Vestmannaeyjum, 22. mars 2001. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Karl Gauti Hjaltason.			

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 224.539, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 32.842 frá 19. júlí 1999 til 17. ágúst 1999, af kr. 73.467 frá 17. ágúst 1999 til 17. september 1999, af kr. 219.444 frá 17. september 1999 til 18. október 1999, af kr. 220.359 frá 18. október 1999 til 17. nóvember 1999, af kr. 222.024 frá 17. nóvember 1999 til 17. mars 2000, af kr. 224.539 frá 17. mars 2000 til greiðsludags.

Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 4. ágúst 1999 kr. 32.842, 8. desember 1999 kr. 14.660 16. desember 1999 kr. 10.000, 4. febrúar 2000 kr. 3.845, 18. febrúar 2000 kr. 20.000, 6. apríl 2000 kr. 40.000, 22. maí 2000 kr. 20.000, 22. júní 2000 kr. 22.074, 15. ágúst 2000 kr. 20.000 og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðum reikningum stefnanda og er til komin vegna notkunar stefndu á Eurocard greiðslukorti nr. 5414-8304-0730-5118. Um eftirfarandi reikninga er að ræða:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldddagi	Fjárhæð
1.	30.06.1999	19.07.1999	32.842
2.	31.07.1999	17.08.1999	40.625
3.	31.08.1999	17.09.1999	145.977
4.	30.09.1999	18.10.1999	915
5.	31.10.1999	17.11.1999	1.665
6.	29.02.2000	17.03.2000	2.515

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 224.539, sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjaldddagi er 17. virkur dagur á eftir úttektartímabili sem er frá 1. degi hvers mánaðar til síðasta dags sama mánaðar.

Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 4. ágúst 1999 kr. 32.842; 8. desember 1999 kr. 14.660; 16. desember 1999 kr. 10.000; 4. febrúar 2000 kr. 3.845,00; 18. febrúar 2000 kr. 20.000; 6. apríl 2000 kr. 40.000; 22. maí 2000 kr. 20.000; 22. júní 2000 kr. 22.074; 15. ágúst 2000 kr. 20.000 og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Stefnanda er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu þar sem tilraunir til birtingar á lögheimili stefndu hafa reynst árangurslausar sem og eftirgrennslan um dvalar- eða íverustað stefndu.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 36 gr. laga nr. 91/1991. Hvað birtingu í Lögbirtingablaði varðar vísast til 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Euroreikninga, sjálfskuldarábyrgð og innheimtubréf lögmanns stefnanda. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 17. maí 2000, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði

ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hún átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 15. mars 2001.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar, hrl.,
Herdís Hallmarsdóttir lögfr.

(3984

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, pósthólf 8040, 128 Reykjavík.

Stefnda: Elín Á. Guðmundsdóttir, kt. 310126-2339, Hraunbæ 107a, 110, Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 464.372, auk stimpilgjalds kr. 2.750, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 464.372, frá 22. nóvember 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Skuldin er skv. framlögðum víxli, útgefnum af Andreu Þórdísi Sigurðardóttur, þann 6. nóvember 2000 og samþykktum til greiðslu af stefndu hjá stefnanda við sýningu. Víxillinn er án afsagnar. Víxillinn er tryggingarvíxill og stendur til tryggingar skuldar stefndu við stefnanda vegna Eurocard greiðslukorts. Er hann að fjárhæð kr. 1.100.000. Víxillinn var sýndur þann 22. nóvember 2000 hjá stefnanda. Þar sem skuldin við stefnanda nam kr. 464.372, þann dag er það stefnufjárhæð málsins auk stimpilgjalds kr. 2.750.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Áður hafði verið höfðað mál á hendur stefndu og útgefanda víxilsins Andreu. Ítrekaðar tilraunir til að birta stefndu í máli þessu á lögheimili hennar báru engan árangur og leit að dvalar- eða íverustað stefndu hefur engan árangur borið. Stefnanda er því nauðsynlegt að höfða mál sérstaklega á hendur stefndu og birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1993 og rekur málið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um stimpilgjald af víxli styðst við lög nr. 36/1978 um stimpilgjald. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 2. mgr. 35. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi birtingu vísast til 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram víxil og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 17. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu

og fyrirtöku málsins getur hún átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagn-vart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 15. mars 2001.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.
Herdís Hallmarsdóttir lögfr.⁽³⁹⁸⁵

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Reynir Karls-son hrl., kt. 220356-5239 Sigtúni 42, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Kolbrúnar Björnsdóttur, kt. 180653-2289, Hjaltabakka 28, Reykjavík, Ástu Maríu Björnsdóttur, kt. 220357-5709, Öldugötu 22, Hafnarfirði og Birgittu Björnsdóttur, kt. 090163-5749, Noregi, að höfða mál fyrir héraðs-dómi Reykjavíkur til ógildingar á veðtrygging-arbréfi.

Dómkröfur: Stefnendur gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðtryggingarbréf upp-haflega að fjárhæð kr. 1.100.000, útgefið í Reykjavík 15. desember 1996 af Birni Kristjáns-syni, kt. 120133-4709 Gunnarsbraut 8, Búðardal, til ofangreindra stefnenda, til tryggingar skuldar við þær samkv. skuldaviðurkenningu dags. 1. nóvember 1996. Veðtryggingarbréfið var bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 178,4 stig og var til tryggingar skil-vísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og verð-bóta ofangreindrar skuldar og til greiðslu alls kostnaðar sem veðhafar kunnu að hafa af skuld-inni. Bréfið var tryggt með 3. veðrétti í tveggja herbergja íbúð á 3. hæð til hægri, merkt 0302, í fasteigninni Austurbergi 18, Reykjavík.

Málsástæður og helstu atvik: Framangreint veðtryggingarbréf var geymt í læstum peninga-skáp fyrir stefnendur í húsnaði Vélsmiðjunnar Gils ehf. í Kópavogi. Brotist var inn á skrifstofu fyrirtækisins og var peningaskáp sem bréfið var geymt í stolið þaðan. Hefur hvorki spurst til hans eða veðtryggingarbréfsins síðan.

Ofangreind íbúð að Austurbergi 18, Reykja-vík, hefur nú verið seld og stendur til að skuldin samkv. veðtryggingarbréfinu verði greidd stefn-endum af söluandvirði íbúðarinnar. Kaupendur halda hins vegar eftir greiðslu, þar sem ekki hef-ur reynst mögulegt að aflýsa veðtryggingarbréf-inu af íbúðinni.

Þar sem ekki er vitað hvar veðtryggingar-bréfið er niður komið og nauðsynlegt verður að aflýsa því í tengslum við greiðslu á kaupverði íbúðarinnar, er stefnendum nauðsynlegt að höfða mál þetta til ógildingar bréfsins.

Tilvísun til helstu lagaákvæða og réttar-reglna: Stefnendur vísa til XVIII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. og 121. gr. Varðandi varnarþing er vísað til 2. tl. 120. gr. s.l. Þá er vísað til c-liðar 1. mgr. 89. gr. og 3. mgr. 91. gr. s.l.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins hyggjast stefnendur leggja fram frumrit ógild-ingarstefnu, Lögbirtingablað það sem stefnan var birt í, ljósrit framangreinds veðtryggingar-bréfs og veðbandayfirlit.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreint veðtrygg-ingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til að mæta er mál þetta verður þingfest fimmtudaginn 10. maí 2001 kl. 10.00 árdegis, í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella má búast við að útivist-ardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 26. mars 2001.
Friðgeir Björnsson.

(4325

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 22. mars 2001, var bú Útgerðar-félagsins Kletts ehf., kt. 640297-2399, Túngötu 42, Eyrarbakka, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 7. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrif-stofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi 13. júní 2001 kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

(4342 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 22. mars 2001, var bú Reynis Guðfinnssonar, kt. 071270-3949, Selvogsbraut 17, Þorlákshöfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Frest-dagur við gjaldþrotaskiptin er 13. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrif-stofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi 13. júní 2001 kl. 9.30. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

(4343 a

Selfossi, 26. mars 2001.
Óskar Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, dags. 1. mars 2001, var bú Rúnars Þórs Hermanns-sonar, kt. 150952-2719, Sigmundarstöðum Borg-arfirði, en með dvalarstað að Gunnarssundi 6, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirrit-aður var jafnframt skipaður skiptastjóri. Frest-dagur er 8. febrúar 2001.

